

skoðun í ljósi og minnist á það enn, vegna þess eg hefi nú með höndum Árstíðaskrár allra stjórnardeildanna hér. Enginn fær svo lesið þessar skýrslur né umgengist þessa menn dag frá degi, að ekki finni hann til óánægju yfir því, að minsta kosti $\frac{7}{8}$ allra landsbúa fá enga vitneskju, vita alls ekkert um, hvað aðal stjórnin er, né hvað hún hefst að. Dagblöðin eru of önnum kafin við að safna í fréttadálkana, slysförum, sjálfsmörðum, manndrápum, ránum og fleiru þessháttar.

Eg veit mjög vel, að það er góð og gild kurteysi, að segja að ekkert sé eins strembið og þurt, eins og skýrslur og skjöl þess opinbera. Eg veit mikið vel að þar er ekkert er hver 18 ára gamall ritstjóri vill ekki heldur lesa en landhagsskýrslur þjóðarinnar. Þar af kemur líka, að stjórnartíðindin, er samín eru af hundruðum og þúsundum fjölhæfra og réttsýnna manna, fara algjörlega framhjá almenningi, blöðunum, svo ekki er á þau minst. Þau lesa sérfræðingar einir, — sérvitringar, segja menn, — en ekki milljónir fólksins, er ættu þó að vita um, hvað þær þúsundir manna, sem eru í þjónustu þjóðarinnar, hafa gert, lært og í letur fært. Í ótal mörgum tilfellum hafa þessir menn þó greitt fyrir lífsframbærslu heimsins, og heimurinn veit alls ekki hverjum hann er skyldur fyrir það.

Einn gamall kunningi minn, er gagnkunnugur er persaldinarækt, sagði mér að leiðangur, er gjörður var út til Norður-Kína af akuryrkjumáladeildinni nú fyrir 12 árum síðan hafi borið margra milljón dollara arð fyrir þjóðina með aldingarða umbótum, er síðan hafa verið gjörðar. Er það einn af hundraði, er veit, að persaldina uppskera þessa lands hefir margfaldast árlega fyrir þetta atvik?

Fyrir þann, sem er svo lánsamur, að eiga heima í Washington, eins og eg, nokkurn tíma á hverju ári, er það sannarlegt hrygðarefni að vita til þess, að allur þorri manna á meðal þjóðarinnar veit alls ekkert, hvað stjórn þýðir, hvað hún gjörir né til hvers hún er. Afgömul húsgangssögn gekk manna á meðal nú fyrir hundrað árum síðan, og var sett á gang af mislukkuðum ríkisstjóra, er minstur stjórnvitringur hefir verið allra þeirra er eg hefi haft nokkur kynni af. Tómas Jefferson kendi